

Sú tegund skynseminnar, sem er fyrir ofan dómgreindina eða hinn fullkonnasti skilningur býr til skoðanir eða hugmyndir (Idean) úr efni því, sem skynjun og dómgreind láta í té. Það eru til þrjár þessar hæstu skynsemis hugmyndir: heimurinn, sálin og guð. Undir þær heyrir á einhvern hátt allt það sem til er. Hinn ytri heimur er skynjaður í tíma og rúmi og þannig verða til fyrirburðir, sem skilningurinn flokkar niður samkvæmt vissum reglum; síðan sameinar hin hæsta skynsemi þessi brot sem nú eru orðin að þekkingar atriðum í eina heild og sú heild er heimurinn. Á sama hátt sameinar hún allt það sem hinu innra lífi tilheyrir og myndar þannig einhverskonar hugmynd um sálina; og að síðustu með því að skoða allt frá sjónarmiði, sem ekki er takmarkað við neina eina hlið myndast hugmyndin um guð. En hvað eru þessar hugmyndir hinnar hæstu skynsemi? Þær eru nákvæmlega það sama og tími, rúm og allt annað sem skynseminni er eiginlegt. Það er ómögulegt að sanna að heimurinn, sálin og guð sé til alveg fráskilin skynsemi mannsins. Þetta eru hugsana einingar, sem allar ytri og innri sannreyndir falla saman í. En einingar þessar hafa ekkert af innihaldi sannreyndanna. Með öðrum orðum: heimurinu, sálin og guð eru skoðanir mannlegrar skynsemi, og það er ómögulegt að komast að nokkurri annari vissu þeim viðvíkjandi.

Hér byrjar gagnrýni Kants á hinni eldri heimspeki. Hann sýnir fram á, að með staðhæfingum sínum um veruleika fyrir utan svið mannlegrar skynsemi hafi heimspekingarnir svikið sjálfa sig, eins og börn, sem ímynda sér, að vegna þess að þau sjá loft og jörð koma saman við sjóndeildarhringinn hljóti að vera hægt að þreifa á hinni bláu himinhvelfingu sé aðeins nógu langt gengið.

Fyrirrennarar Kants höfðu haldið fram að sálin væri einfalt óskynjanlegt efni, sem héldi áfram að vera til eftir dauðann. Með einföldu efni áttu þeir við sérstæðan veruleika, sem ekki hefði neinn af eiginleikum hins vanalega efnis. Descartes hafði reynt að sanna svona lagaða tilveru sálarinnar með því að taka sem sjálfsannaða þessa setningu: "ég hugsa þess vegna er ég." Það að ég hugsa sannar, að það er eitthvað til á